

Truenorth Nordic ehf.
Fiskislóð 31a
101Reykjavík

Akureyri, 1. júlí 2021
UST202106-298/D.Ö.H.
09.06.01

Efni: Umsókn um leyfi til kvikmyndatöku - Skútustaðir - gígarnir

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Truenorth Nordic ehf., dagsett 25. júní 2021, um kvikmyndatöku innan náttúruvættisins Skútustaðagíga sem eru innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár..

Skútustaðaragígjar eru friðlýstir sem náttúruvætti sbr. auglýsing nr. 399/1973. Gjalltaka og mannvirkjagerð öll er bönnuð og hverskonar jarðrask, er breytir eða veldur skemmdum á útliti gíganna.

Mývatn og Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu eru vernduð með lögum nr. 97/2004. Markmið laganna er að varðveita líffræðilega fjölbreytni, jarðmyndanir og landslag svæðisins. Í 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu segir að leita skuli leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hverskonar framkvæmdum og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins.

Lýsing verkefnis:

Verkefnið sem sótt er um snýr að kvikmyndatöku þar sem landslag verður myndað af landi og úr lofti. Sótt er um leyfi til myndatöku dagana 6. - 8. júlí en áætlað er að kvikmyndataka standi yfir í einn til einn og hálfan dag.

Átta manna hópur kemur að verkefninu á staðnum, mögulega þarf að fara með myndavélar út fyrir stíga á brúnir gíga eða í fjöruna við vatnið. Gert er ráð fyrir um tveggja tíma flugi með dróna þar sem gígasvæðið og landslagið í kring verður myndað. Meðfylgjandi umsókn var mynd af flugsvæði.

Ekki er gert ráð fyrir að verkefnið valdi raski, ekki verður notast við leikmynd og ekki er gert ráð fyrir að loka þurfi gönguleiðum eða að takmarka umferð.

Umsagnir:

Í samræmi við 25. gr. reglugerðar nr. 665/2012 óskaði Umhverfisstofnun umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) og Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn (Ramý) með tölvupósti ds. 30. júní 2021. Svar barst frá Ramý samdægurs en þar eru ekki gerðar athugasemdir við verkefnið. Umsögn NÍ barst með tölvupósti þann 1. júlí 2021 en þar segir að NÍ leggist ekki gegn því að leyfi verði veitt fyrir myndatökunni. Þó leggur stofnunin áherslu á að við kvikmyndatöku á jörðu niðri skuli halda sig við stíga eins og kostur er. Við kvikmyndatöku með dróna skal reyna að stilla hraða í hóf og minnka hávaða eins og hægt er og helst halda sig í góðri fjarlægð frá jörðu svo fuglar á hreiðrum og með unga fælist ekki.

Ef greinilegt er að fuglar séu að fælast vegna truflunar frá dróna skal notkun hans hætt til að koma í veg fyrir að fuglarnir beri skaða af.

Áhrifamat:

Verkefnið er ekki talið hafa neikvæð áhrif á náttúrufar eða verndargildi svæðisins. Gestir svæðisins gætu orðið fyrir tímabundum truflunum vegna kvikmyndatökunnar. Stjórnendur dróna og þeir starfsmenn sem þurfa að fara út fyrir merktu stíga skulu vera í merktum fatnaði. Ekki er heimilt að fara upp á aðra gíga en þá sem gönguleiðir og útsýnispallar liggja upp á.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir TrueNorth Nordic ehf. fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatöku innan Skútustaðagíga við verndarsvæði Mývatns og Laxár sbr. lýsingu hér að ofan dagana 6. - 8. júní að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Koma skal fyrir merkingum á tókustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tókurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er. Færri gestir heimsækja svæðið snemma morguns og síðdegis.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum eða fuglum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla. Halda skal að lágmarki 20 metra hæð að tilliti til lífríkis.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu heldur finna og endurheimta loftfarið og alla hluta þess ef það brotlendir eða bilar.
- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfisstofnun bendir á að dróna sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Arna Hjörleifsdóttir
sérfræðingur

Davíð Örvar Hansson
sérfræðingur